

24. fundur umhverfisnefndar 26.nóvember 2018 – haldin í Bala á Laugarvatni

Mætt eru: Agnes Geirdal, Pálmi Hilmarsson og Ragnhildur Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundur hefst kl. 10:00

Tekin var fyrir tillaga Umhverfisstofnunar, dags. 10. september 2018, að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar, til kynningar. Tillagan tekur til vatnasviðs Jökulfalls og Hvítár: 32 Gýgjarfossvirkjun og 33 Bláfellsvirkjun. Byggðaráð vísaði tillögunni til kynningar fyrir umhverfisnefnd sem fer með hlutverk náttúruverndarnefndar skv. lögum um náttúruvernd. Umhverfisnefnd hefur áður fjallað um tillöguna en frestað afgreiðslu hennar tvisvar.

Umhverfisnefnd hefur nú fjallað um málið og gerir ekki athugasemdir við friðun á árfarvegi Hvítár og Jökulfalls fyrir fallvatnsvirkjunum samkvæmt tillögu frá Umhverfisstofnun. Gæta þarf þess að friðunin nái eingöngu yfir vatnasvið framangreindra vatnsfalla en samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti nær friðlýsingin talsvert inn á vatnasvið Blöndu.

Hið friðlýsta verndarsvæði mun vera 139.170 ha og vill umhverfisnefnd hvetja Byggðaráð og Sveitastjórn Bláskógabyggðar til að kanna allar lagalegar hliðar friðlýsingarinnar með hagsmuni allra aðila sem koma að svæðinu í huga.

Fundi slitið kl. 12:30